



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2026
USK25110431

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 14. janúar 2026 um eftirfarandi mál:

Nafnabreyting - Fífilsgata – Tillaga um Túnfífilsgötu

Lagt fram bréf skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 8. janúar 2026, um samþykkt götunafnanefndar Reykjavíkur um að breyta nafni Fífilsgötu í Túnfífilsgötu, ásamt fylgiskjali.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun umhverfis- og skipulagsráðs:

Túnfífilsgata er mun betra nafn á þessari götu en Hlíðarfótur enda bera göturnar nöfn þarna í kring eftir íslenskum lækningajurtum. Þetta er vel leyst hjá götunafnanefnd og við fögnum því að þessi ákvörðun var endurskoðuð.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: bréf skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 8. janúar 2026, um samþykkt götunafnanefndar Reykjavíkur um að breyta nafni Fífilsgötu í Túnfífilsgötu, ásamt fylgiskjali.



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2026
USK25110431

Hér með sendist útskrift úr fundargerð götunafnanefndar Reykjavíkur, dags 8. desember 2026, varðandi eftirfarandi mál:

Nafnabreyting – Fífilsgata – Tillaga um Túnfífilsgötu

Lagt fram bréf Nýs Landspítala ohf., dags. 26. nóvember 2025, um nafnabreytingu á Fífilsgötu. Stjórn nýs Landspítala kemur því á framfæri við gatnanafnanefnd að gatan fái nafnið Túnfífilsgata.

Nefndin tekur vel í erindi Nýs Landspítala og samþykkir að breyta nafni Fífilsgötu í Túnfífilsgötu.

Brynjar Þór Jónasson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Bréf Nýs Landspítala ohf., dags. 26. nóvember 2025.



Reykjavík

Gatnanafnanefnd Reykjavíkurborgar
Brynjar Þór Jónasson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2025

Varðar: Nafnabreytingu á Fífilsgötu – Tillaga um Túnfífilsgötu

Stjórn Nýs Landspítala ohf. (NLSH) kemur með erindi þessu á framfæri nafninu Túnfífilsgata til gatnanafnanefndar. Er það gert vegna ákvörðunar nefndarinnar, um breytingar á nafni Fífilsgötu vegna ábendingar örnefnanefndar að nafnið væri of líkt Vífilsgötu í Norðurmýri. Vonast er til að gatnanafnanefnd taki vel í tillöguna á næsta fundi nefndarinnar 3.12 nk.

Í erindi byggingarfulltrúa, í ágúst 2018, til NLSH var tilkynnt að tillögur gatnanafnanefndar um gatnanöfn á byggingarsvæðinu við Hringbraut byggðu á þrennum forsendum. Í því erindi var NLSH gefið tækifæri á umsögn. NLSH benti á, í kjölfarið, að það færi betur að meðferðarkjarninn stæði við Burknagötu fremur en Njólágötu. Fólk tengir Njólann við villijurt frekar en jurt sem kveikir og viðheldur lífsvon. Sú varð rauninn, spítalinn er við Burknagötu.

Til að skýra tilurð heitanna þá sendi byggingarfulltrúi stuttar skýringar, en nöfnin voru sótt í þrjár áttir:

- Nöfn tveggja „efstu“ gatnanna, nyrstu, tengir þær við götur í norður: Leifsgötu, Eiríksgötu og Þorfinnsgötu. Þjóðhildur var kona Eiríks rauða en **Freydís** dóttir, stórmerkar konur og þykir rétt að minnast þeirra eins og karlanna í fjölskyldunni. **Þjóðhildur** var leiðandi í kristnitöku Grænendinga og Freydís varð kunn er hún hrakti burt árásarflokk frumbyggja í Vinlandi með því að sýna þeim brjóst sín.
- Þar fyrir neðan koma tvö önnur nöfn úr íslenskri miðaldamenningu en sérstaklega tengd sögu læknisfræðinnar. **Hildigunnur** læknir er nefnd í Njálu og sýnd græða fólk og af lækningum **Hrafns** Sveinbjarnarsonar, goðorðsmanns og læknis segir talsvert í sögu hans. Nöfnin eru því heilbrigðiskerfinu sérstaklega til heiðurs.
- Syðstu nöfnin yrðu framhald af götum sem fyrir eru nálægt Hringbraut, þ.e. Sóleyjargötu, Smáragötu og Fjólugötu og valdi nefndin nöfn algengra íslenskra gróðurtegunda sem þóttu falleg og smekkleg, þar á meðal lækningajurtir sem þótti ekki spilla fyrir. Niðurstaðan var **Burknagata**, **Blóðbergsgata**, **Hvannargata**, **Njólágata** og **Fífilsgata**.

Gatnanafnanefndin hefur nýlega tilkynnt að nafnið Fífilsgata yrði að Hlíðarfótur sem er ekki í samræmi við umrædda tilhögun. Þá yrði gatan Hlíðarfótur sunnan og norðan megin Hringbrautar. Einnig í tveimur mismunandi póstnúmerum, en líka í tveimur kjördæmum Reykjavíkur. Ákvörðun gatnanafnanefndar hefur verið gagnrýnd á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

NLSH vill hvetja nefndina til að skipta um skoðun og taka upp nafnið Túnfífilsgata því vissulega var um að ræða túnfífil sem bar uppi nafn Fífilsgötu. Túnfífill er hin eiginlega lækningajurt til forna og mun Túnfífilsgata kallast þannig áfram á við þær götur sem bera nöfn íslenskra gróðurtegunda og lækningajurta.

Engar líkur eru á því gagnvart örnefnum að rugla Túnfífilsgötu við Vífilsgötu.

Með kveðju, stuðning og styrk Nýs Landspítala ohf. fyrir nýrri Túnfílsstötu. Gatan er núna, sem stendur, í verkframsýnd af hálfu NLSH í samstarfi við Reykjavíkurborg og veitustofnanir. Verður að fullu framgengin innan nokkurra mánaða, með betri tíð og blóm í haga og mun þá vonandi heita Túnfílsstöta.

Virðingarfyllt,
með samstarfskveðju
f.h. NLSH ohf.



Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri

Afrit: Ólöf Örvarasdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Nánnar:

Túnfíll (*Taraxacum officinale*) er sá fíll sem er ef til vill þekktastur. Þegar túnfíll er notaður í alþýðulækningum er jurtinni safnað rétt fyrir blómgun og rót og blöð nýtt til lækninga. Oft eru rótum og blöðum blandað saman til að nýta verkun beggja hluta sem best. Helstu innihaldsefni túnfíls eru fenólar, seskvíterpenar, triterpenar, plöntusterólar, flavonóíðar, einnig inúlín og aðrar sykrur, fituefni og ýmis vítamín og steinefni.

Talið var að blöðin, sem eru mjög næringarrík, hefðu þvagdrifandi virkni og innihéldu mikið af kalíum. Þau voru því mikið notuð við hjúg einkum ef hann orsakaðist af máttlitlu hjarta.

Rótin var notuð við öllum lifrar- og gallblöðrusjúkdómum, til dæmis gulu, og einnig við meltingartregðu, svefnleysi og þunglyndi. Rótin var talin mjög góð fyrir fólk sem þurfti að styrkja sig eftir langvarandi lyffjatöku eða áfengisneyslu.

Fíflamjólkin var notuð á vörtur og líkþorn. Túnfíll var einnig notaður til matargerðar og búa má til bragðgott fíflavín úr blómunum og blöðin þykja góð í salat. Seyði af fíflablöðum var notað til andlitsþvotta í fegrunarskyni og ristud rótin var notuð í kaffibæti.